

## **245. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar**

**haldinn miðvikudaginn 13. maí kl. 10:00 á skrifstofu AFE, Hafnarstræti 91, Akureyri.**

### **Fundinn sátu:**

Katrín Sigurjónsdóttir, stjórnarformaður, Hilda Jana Gísladóttir varaformaður, Ásgeir Örn Blöndal, Finnur Yngvi Kristinsson og Valtýr Hreiðarsson. Einnig sat Sigmundur E. Ófeigsson frkv.stj. fundinn.

Katrín Sigurjónsdóttir ritaði fundargerð.

Katrín setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til eftirfarandi dagskrár:

### **1. Undirritun fundargerða síðustu funda.**

Þar sem síðustu fundir hafa verið haldnir í fjarfundi voru fundargerðir fyrir fundi 243 og 244 undirritaðar af stjórnarmönnum.

### **2. Ársuppgjör 2019**

Ársreikningur AFE 2019 lagður fram. Rekstur var aðeins betri en gert var ráð fyrir í áætlun og er hagnaður af rekstri upp á um 5,8 milljónir króna. Endurskoðunarskýrsla og staðfestingarbréf stjórnenda fylgdu með fundargögnum. Stjórnin bókaði á síðasta fundi að hún leggur til að hagnaður ársins verði færður á óráðstafað eigið fé.

Stjórnin samþykkir að leggja ársreikninginn fyrir aðalfund félagsins og staðfestir hann með undirritun sinni.

### **3. Annar undirbúningur aðalfundar**

Tillaga um stjórn og stjórnarlaun, aðrar tillögur fyrir aðalfund.

Stjórnin leggur til við aðalfund að núverandi stjórn sitji áfram til loka á slitum félagsins. Stjórnin stefnir á að ljúka slitum fyrri hluta árs 2021.

Stjórnin leggur til við aðalfund að laun verði óbreytt eins og þau eru í dag, allt til slita félagsins eða þannig:

Stjórnarmaður eða varamaður hans fái greitt 45.449 kr. fyrir setinn fund.

Þóknun stjórnarformanns verði tvöföld fundarlaun fyrir setinn fund eða 90.898 kr.

Engar tillögur eru til aðalfundar um lagabreytingar.

Stjórnin leggur til við aðalfund að ekkert rekstrarframlag verði innheimt af aðildarsveitarfélögum.

Drög að skýrslu stjórnar lögð fram til umræðu.

Aðalfundurinn verður haldinn í Hlíðarbæ í Hörgársveit þann 20. maí næstkomandi kl. 15:00.

### **4. Önnur mál.**

- a) Farið yfir stöðu á samrunamálum AFE við AP og Eyþing.
- b) Sigmundur Ófeigsson vék af fundi undir þessum lið kl. 10:56. Rætt um frágang starfsmannamála þar sem félagið er að ljúka störfum. Fyrirkomulag þar um hefur verið kynnt sveitarstjórum í Eyjafirði.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 11:12.

